

Fundargerð Háskólaráðs 12. desember 2018

Staðsetning: Meistarastofa kl. 14.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Jón Snorri Snorrason (vm) fulltrúi kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Brynjar Þór Þorsteinsson fulltrúi kennara, Hafdís Jóhannsdóttir fulltrúi grunnema, Guðrún Björk Friðriksdóttir umsjónarmaður kennslukerfa og fulltrúi starfsmanna, Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi grunnema.

Áheyrnarfulltrúar: Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri og Signý Óskarsdóttir gæðastjóri.

Fjarverandi: Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastýra kennslu og þjónustu, Daniel Alexander fulltrúi grunnema og Brynjar Elefsen Ólafsson fulltrúi meistaraneama.

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Yfirlit yfir fjármál og rekstraráætlun 2019

Hafsteinn fer yfir 10 mánaða milliuppgjör. Gert var ráð fyrir að vera með 11-12 milljónir í afgang en ennþá er verið að gera upp ýmis mál vegna hotels. Útkoman verður sirka réttu megin við núllið. Gert er ráð fyrir niðurfærslum krafna í áætlunum en eitthvað af þeim næst tilbaka. Orlofsskuldbindingar hækka eitthvað á milli ára. Hagnaður af sölu hótels er eitthvað minni en gert var ráð fyrir í áætlunum. Rætt var um þvottaástöðu í Hamragörðum.

Hafsteinn fór einnig yfir rekstraráætlun 2019. Gert er ráð fyrir 8% hækkun á ríkisframlagi á milli ára. Reiknað er með 5% hækkun á skólagjaldtekjum. Launaliðurinn er oft óvissuþáttur en aðrir liðir eru í fastari skorðum. Búið er að setja vinnuhóp á fót við að skoða húsnæðis- og tæknimál í skólanum. Einnig er gert ráð fyrir áhrifum verðbólgu á fjármagnsgjöld. Skólinn skuldar Kiðá um 90 milljónir. Mikilvægt sé að skólinn sé sjálfbær og standi undir afborgunum skulda. Einnig liggur fyrir að taka gömlu heimavistina í gegn.

3. Stefna skólans 2019-2022

Vilhjálmur Egilsson kynnti stefnuskjal fyrir stefnu skólans 2019 – 2022 en það skjal var sent út til fundarmanna fyrir fund. Farið var yfir helstu atriði, s.s. styrkleika og veikleika – eða þau atriði sem vinna þarf betur. Einnig fór rektor yfir aðgerðaáætlun, forgangsmál og helstu mælikvarða. Ábending kom fram um að halda því á lofti í markaðssetningu Háskólagáttar að hægt sé að taka gáttina á hálfum hraða. Mikilvægt sé að stefna og aðgerðaáætlun séu í stöðugri endurskoðun og að skólinn geri sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum. Stefna skólans var samþykkt á síðasta fundi stjórnar Háskólans á Bifröst.

4. Gæðamál

Signý Óskarsdóttir hættir sem framkvæmdastjóri gæðamála. Páll Rafnar mun taka við hennar verkefnum. Sigrún Lilja greindi frá stöðu innra mats félagsvísinda- og lagadeildar en gert er ráð fyrir að sjálfsmatsskýrslu deildar verði skilað í febrúarlok. Vilhjálmur kynnti aðgerðaplan fyrir

stofnanaskýrslu skólans en gert er ráð fyrir að vinna við stofnanaskýrslu hefjist í janúar og henni ljúki í maí 2020. Stofnanamatið fer síðan fram haustið 2020.

5. Innleiðing Uglu og kennslukerfis

Guðrún Björk gerði grein fyrir stöðu innleiðingar – RHÍ eru að nota gögn frá Bifröst til að setja inní Ugluna og sjá hvernig gögnin birtast í Uglunni. Eftir áramót verður hægt að taka nemendaskrána inn. Gert er ráð fyrir upptöku Uglu eftir sumarönn 2019. Skrifað var undir prufusamning á Canvas í síðustu viku og líklega verða einhver námskeið í lotu 2 (vorönn 2019), Mætti kvenna og hugsanlega 1-2 námskeið í lotu 1 keyrð í Canvas. Canvasinn verður þó ekki tengdur við MySchool á meðan á prufukeyrslu stendur. Ekki er hægt að nota MySchool sem kennslukerfi með öðru nemendaskrárkerfi.

6. Umsóknir og innritanir fyrir vorönn 2019

133 umsóknir komnar inn í grunnám (þar af 89 erlendar umsóknir) – þ.e. 44 íslenskar umsóknir í grunnám. Fleiri umsóknir eru í grunnám en í fyrra. Í meistaranám hafa borist 54 umsóknir. 11 umsóknir hafa borist í Háskólagátt. Rætt var um undirbúningsnámskeið fyrir Háskólagáttarnema og gildi þess, sérstaklega fyrir þá sem eru að koma í nám eftir langt hlé.

7. Þróun náms á ensku

Mikið er kennt á ensku í skólanum og hefur slíkum námskeiðum fjölgað. Stefnt er að því að bjóða uppá heila gráðu (BS / BA) á ensku. Stefnt er að því að bjóða uppá 60 ECTS diplómur á ensku haustið 2020. Töluverður hópur nemenda kemur frá Bangladesh. Fyrir þá skiptir miklu máli að hafa sýnt fram á að hafa stundað nám erlendis (góð viðbót á ferilskrá).

8. Kaospilot-málið

Vilhjálmur greindi frá stöðu viðræðna við Kaospilot og Hjallastefnuna um hugsanlegt samstarf. Málið snýst um þrjú atriði / hugmyndir: A) Að bjóða uppá Enterprise Leadership programmið frá Kaospilot á Bifröst. B) Að bjóða uppá viðskiptafræði með áherslu á enterprise leadership. C) Að mennta annars konar leikskólakennara (Hjallastefnan). Ekki sé hægt að tala um kennaramenntun, heldur nýja fagstétt leikskólustarfsmanna. Einnig hafa komið upp hugmyndir um að bjóða uppá meistaranám í Enterprising Leadership, í tengslum við forystu og stjórnun. Vilhjálmur kynnti hugmyndir að fjárhagsramma og niðurstaðan er að Bifröst þyrfti að fá aukinn fjölda nemendaígilda í þjónustusamningi sínum við ríkið. Kaospilot verður með stjórnarfund á morgun (13. desember) og þá kemur í ljós hvort og hvernig Kaospilot vill halda áfram þessum viðræðum.

9. Önnur mál

Fulltrúi nemenda hrósar skólanum fyrir að bregðast við ábendingum frá síðasta fundi og almenn ánægja meðal nemenda með þau viðbrögð.

Fulltrúi nemenda nefndi þann möguleika að skoða prófareglur varðandi ógildingu prófspurninga sem eru beinlínis rangar. Rætt var um þann feril og að mismunur sé á verkefni annars vegar og lokaprófi hins vegar.

Fundi slitið kl. 15.55

Fundarritari: Sigrún Lilja Einarsdóttir